



## **Reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir**

Samkvæmt 25. grein laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita fötluðu fólki styrk eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

### **1. gr.**

#### **Markmið og foresendur**

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér út um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- Sótt sér menntun
- Viðhaldið og aukið við þekkingu og færni
- Nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu

### **2. gr.**

#### **Skipulag þjónustunnar**

Akureyrarbær sér um framkvæmd þjónustunnar á þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks í Eyjafirði á grundvelli samnings milli sveitarfélaganna Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandahrepps. Velferðarsvið Akureyrarbæjar annast afgreiðslu styrkjanna og veður athygli á rétti fólks til umsókna á heimasíðu Akureyrarbæjar.

### **3. gr.**

#### **Hverjir eiga kost á styrk**

Einstaklingur sem býr við fötlun og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar getur sótt um styrk samkvæmt reglum þessum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum.

- Eiga lögheimili í sveitarfélaginu
- Hafa náð 18 ára aldri
- Hafa varanlega 75% örorku

#### **4. gr.**

##### **Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk**

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að uppfylltum einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

- Styrkur vegna starfsemi sem skapar viðkomandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
- Að fyrir liggi staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út.
- Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir t.d. í sjóði stéttarfélaga, lögbundin framlög vegna hjálpartækja og lánshæft nám. Taka skal tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt lánshæft nám vegna fötlunar.

#### **5. gr.**

##### **Umsóknarferli**

Hægt er að sækja um umrædda styrki allan ársins hring á vefsíðu Akureyrarbæjar. Þar eru styrkirnir auglýstir auk þess sem allar upplýsingar um ferli umsóknar kemur fram. Sótt er um rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar og í afgreiðslu velferðarsviðs þar sem veittar eru leiðbeiningar. Starfsmenn geta aðstoðað umsækjanda við að sækja um. Starfsmenn veita umsækjanda jafnframt upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

Þá getur umsækjandi veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þá skal velferðarsvið Akureyrarbæjar vekja athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa með formlegum hætti einu sinni ár ári á vef Akureyrarbæjar og eftir atvikum í öðrum fjölmiðlum. Sú auglýsing skal birtast að hausti og eigi síðar en 1. október ár hvert.

Umsóknir eru teknar fyrir jafnóðum og skulu þær afgreiddar innan mánaðar frá dagsetningu umsóknar.

#### **6. gr.**

##### **Fylgigögn umsóknar**

Umsóknum skal fylgja upplýsingar frá umsækjanda og/eða fagaðilum þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda. Önnur fylgigögn taka mið af tegund styrks sem sótt er um og þurfa að liggja fyrir áður en styrkur er greiddur. Auk þeirra skal skila öðrum þeim gögnum sem þjónustuaðili metur að séu nauðsynleg.

Umsækjandi getur veitt sveitarfélaginu heimild til þess að afla þeirra gagna sem það hefur aðgang að.

Styrkur vegna náms:



## Akureyrarbær

- Vottorð frá fagaðila með staðfestingu á fötlun eða örorku.
- Námsvottorð. Staðfesting frá skóla um skráningu í nám.
- Frumrit af kvittun fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum.
- Útilokun námslána og annarra styrkja t.d. hjá stéttarfélögum.
- Greinargerð umsækjanda um tilgang náms og annað sem umsækjandi vill taka fram. Almennt um námið og námsáætlun, þ.e. námsframvinda og áætluð námslok.

Styrkur vegna verkfæra- og tækjakaupa:

- Vottorð frá fagaðila þar sem fram kemur hvort viðkomandi er fær um að stunda viðkomandi starfsemi.
- Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum.
- Greinargerð um fyrirhugaða starfsemi og hvernig undirbúningi hennar hefur verið háttað. Áætluð rekstraráætlun eftir því sem við á og annað sem umsækjandi vill taka fram.

Umsókn sem ekki er studd ofangreindum gögnum er vísað frá.

### 7. gr.

#### Úthlutun styrkja

Tekið er tillit til eftirfarandi viðmiða við úthlutun styrkja:

- Heildarfjárhæð til úthlutunar er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs.
- Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings nema á 24 mánaða tímabili.
- Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggja staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok
- Komi til að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsraða umsóknum eða lækka styrkupp hæð til hvers og eins.

### 8. gr.

#### Mat og afgreiðsla

Styrkur er einungis greiddur inn á persónulegan reikning umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir kaupum.

Réttur til úthlutunar fyrnist sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað. Umsóknum er vísað frá ef fylgigögn og nauðsynlegum upplýsingum hefur ekki verið skilað innan mánaðar frá umsókn.

Umsóknir um styrki eru afgreiddir jafnóðum og þær berast á afgreiðslufundi félagsþjónustunnar. Þá skulu þær afgreiddar innan mánaðar frá dagsetningu umsóknar.

Þá er upphæð styrks metin út frá:

- Heildarúthlutunarfé hvers árs.
- Kostnaði.
- Gagnsemi námskeiða/tækja fyrir umsækjanda.
- Möguleikum á öðrum styrkjum eða lánnum.
- Aðstæður umsækjanda er varðar fötlun hans og þörf á félagslegri endurhæfingu.

Þá getur afgreiðslufundur félagsþjónustunnar ákveðið að forgangsraða umsóknum með tillit til ofangreinds.

### **9. gr.**

#### **Styrkuppghæðir**

Styrkuppghæðir ákvarðast af fjárhagsáætlun hverju sinni og skulu endurskoðast í upphafi hvers fjárhagsárs með tilliti til þessa. Styrkuppghæðir skulu aldrei nema meira en 75% af útlögðum kostnaði.

#### Námskeiðs- og skólagjöld:

- a) Greitt er að hámarki kr. 150.000 á ári og skal styrkurinn greiddur eftirá.
- b) Námskeið vegna tómsundanáms skulu að hámarki styrkt um 50% af útlögðum kostnaði, en þó aldrei meira en kr. 30.000- á ári.

#### Verkfæra- og tækjakaup

- a) Að jafnaði er ekki greiddur hærri styrkur en kr. 100.000-.

### **10. gr.**

#### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

### **11. gr.**

#### **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflega erindi sem ekki snertir velferðarsvið, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

### **12. gr.**

#### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Styrkir sem veittir eru umsækjanda á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær eru alla jafna endurkræfir og getur velferðarsvið endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef



## Akureyrarbær

sannreynt er við vinnslu málsins að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

### 13. gr.

#### Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöður umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglna sveitarfélagsins um styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa og kynna honum um leið rétt hans til áfrýjunar til velferðarráðs.

### 14. gr.

#### Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til Úrskurðanefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

### 15. gr.

#### Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að hún var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjaráð.

### 16. gr.

#### Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar öðlast nú þegar gildi og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Reglur þessar tóku gildi frá og með 1. júní 2004

Samþykkt í félagsmálaráði Akureyrar 10. maí 2004.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 18. maí 2004.  
Samþykkt í félagsmálaráði Akureyrar 8. mars 2010  
Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 16. mars 2010  
Samþykkt í félagsmálaráði Akureyrar 8. febrúar 2012  
Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 21. febrúar 2012  
Samþykkt í velferðarráði Akureyrar 4. maí 2016  
Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 17. maí 2016

Samþykkt í velferðarráði Akureyrarbæjar þann 8. september 2021  
Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar þann 22. september 2021